

Richard Wagner félagið á Íslandi

Dragavegi 11 / 104 Reykjavík – sími: 5517292 – e-mail:selmag@centrum.is

Fréttabréf september 2019

Í þessu bréfi verður kynnt það helsta sem verður á döfnni hjá Wagnerfélaginu og Alþjóðasamtökum Wagnerfélaga í vetur. Einnig er sett upp dagskrá með öðrum viðburðum í menningarlífinu, hérlandis og erlendis, sem telja má að félagsmenn gætu haft áhuga á. Tölvutengdir félagar, sem gefið hafa tölvupóstfang, fá póst þennan eingöngu rafrænt. Vinsamlega prenta! Aðrir fá bréf. Kosturinn við að vera á tölvupóstlista er að þeir félagar fá áminningu þegar nær atburðum dregur auk þess sem þeir fá alls kyns upplýsingar og ábendingar sem upp koma með stuttum fyrirvara. Svo endilega skráið tölvupóstfang ykkar hjá okkur.
Og munið að greiða félagsgjaldið! Örfáir eiga það eftir.

Bayreuth miðasala fyrir 2020

Móttaka netpantana er hafin. Mikilvægt að geta þess í pöntun að viðkomandi sé félagi í Richard Wagner Verband/Society, Íslandi. Það verður líklega nýi mátinn fyrir félaga okkar að fá forgang.

Slóðin er: <https://www.bayreuther-festspiele.de/tickets-service/ticketbestellung/>.

Skriflegar pantanir þurfa að berast ekki seinna en 16. okt. Internetpantanir fyrir 31. okt.

Sumarið 2020 verður nýr Hringur frumsýndur, leikstjóri Valentin Schwarz, hljómsveitarstjóri Pietari Inkinen. Auk þess verða áfram uppfærslurnar á Tannhäuser, Meistararöngvurunum og Lohengrin. Nánar á heimasíðu hátíðarinnar: <http://www.bayreuther-festspiele.de>.

Félagið hefur átt kost á að kaupa nokkra miða af hátíðinni, en nú hefur Festspielhaus óskað eftir því að það verði með ofangreindu formi, að hver saki um fyrir sig og láti vita að hann sé félagi í Wagnerfélagi. Úthlutun til félagsmanna verður svo í samræmi við stærð félagsins. Okkar félag er ca nr 20 í röðinni af um 120 Wagnerfélögum, með 230 félaga. Nánar um þetta eftir stjórnarfund Alþjóðasamtakanna í Frankfurt 29. sept nk.

Ópera í bíó

Metropolitan-óperan hefur útsendingar með *Turandot eftir Puccini*, 12. október, MET/Kringlubíó kl. 16:55–20:00. Sýningin var áður sýnd í janúar 2016. <https://www.metopera.org/season/in-cinemas/>. Beinar útsendingar í vetur verða alls 10 talsins. Háskólabíó hefur því miður hætt að sýna óperur frá Covent Garden líkt og undanfarið.

Lohengrin með Önnu Netrebko og Piotr Becsala, Hannesarholt 13. október kl 13.30

Miklar væntingar voru í sumar eftir að kungert var að Anna Netrebko myndi syngja Elsu í Lohengrin í Bayreuth á nokkrum sýningum. Anna aflýsti hins vegar og hefur því enn ekki sungið í Bayreuth. Hún söng hins vegar Elsu í Dresden fyrir nokkrum árum undir stjórn Christians Thielemann og mun félagið sýna upptöku frá þeirri sýningu, sem nokkrir félagsmenn sáu í ógleymanlegri ferð árið 2017. Kaffihlé. Brunch á undan fyrir þá sem það vilja.

Árshátíð Wagnerfélagsins á Hótel Holti laugardag 2. nóvember kl. 18.

Árshátíðin hefst kl. 18 með erindi formanns, Selmu Guðmundsdóttur, um Wolfgang Wagner, stjórnanda Bayreuthhátíðarinnar í hátt í 60 ár, sem hefði orðið 100 ára 30. ágúst sl. Þess er nú minnst víða. Wolfgang lést árið 2008. Það var Wolfgang Wagner, sem færði Íslendingum Litla Niflungahringinn árið 1994 og verður sú saga sögð í erindi formanns. Að því loknu verður barinn opnaður fyrir fordrykk og meðan á honum stendur mun ungur söngvari kveða sér hljóðs. Að loknum fordrykknum verður veislumáltíð að hætti Holts og undir borðum frásagnir félagsmanna frá liðnu ári. **Sif Ormarsdóttir og Þórhallur Þráinsson** segir frá ferð sinni á Niflungahringinn í New York í maí. **Jón Ragnar Höskuldsson og Jakobína Ólafsdóttir** segja frá ferð sinni á Wagnerdaga í Búdapest. Veislustjóri **Steinn Jónsson**. Veislumáltíð á 10.300:

Forréttur

Kraftmikil humarsúpa með leturhumri & flauelsmjúkri fáfnisgras froðu

Aðalréttur

Grilluð nautalund með kremuðum maís, steiktri sellerírót, sveppum & perlulauk ásamt bordelaise rauðvínssósu

Eftirréttur

Crème brûlée ilmað með appelsínu & Grand Marnier

Skráðið ykkur sem fyrst hjá Solrun.Jensdottir@gmail.com, sími 8959118

Júlíus K. Einarsson með tónlistarkynningu Safnaðarheimili Dómkirkjunnar laugardag 16. nóvember kl.14

Upptökulið Decca mætti á Bayreuthhátíðina 1955 og tók upp í stereó í fyrsta skiptið í sögu Bayreuth. Tækifæri til að heyrna marga af frægustu Wagnersöngvurum sögunar "live" í frábærum hljómgæðum.

Wagnerþing í Feneyjum 28. nóv.–2. des. 2019

Hið árlega þing Alþjóðasamtaka Wagnerfélaga verður næst dagana 28. nóv.–2. des í Feneyjum. Í boði er glæsileg dagskrá tónleika, óperusýninga, fyrirlestra og skoðunarferða, m.a eru Wagner galatónleikar og sýning á óperunni Don Carlo eftir Verdi í Teatro La Fenice. Auk þess verður málþing tileinkað minningu Wolfgangs Wagner. Nánar á: https://www.richard-wagner.org/rwvi/en/events/calendar/?collection_id=1754

Cosima Wagner

Aðalfundur og fyrirlestur Árna Blandon 22. febrúar í Hannesarholti kl. 14

Erindi Árna að loknum aðalfundinum ber heitið: Cosima Wagner og fjallar um eiginkonu Richards og dóttur Franz Liszt. Árni Blandon hefur kynnt óperur Wagners í Ríkisútvarpinu, Morgunblaðinu og hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Hann er með M.Phil-próf í samburðabókmenntum frá New York-háskóla með áherslu á heimspeki og leiklist. Hann lærði leiklist í London og starfaði í nokkur ár sem leikari við Þjóðleikhúsið og var meðlimur í Leikstjórafélagi Íslands.

Wagner og Schopenhauer í Hannesarholti 28. mars kl. 14

Einn mikilvirkasti fyrirlesari félagsins frá upphafi, Reynir Axelsson stærðfræðingur, heldur erindi um Wagner og heimspekinginn Schopenhauer.

Wagner og Ísland.

Stichwort Wagner í Reykjavík 28.-31 maí,

Undir merkjum Alþjóðasamtaka Wagnerfélaga og Wagnerfélagsins okkar, í tengslum við sýningu Íslensku óperunnar, SÍ og Listahátíðar á Valkyrjunni verður alþjóðlegt málþing um Wagner og Ísland með nokkrum fyrirlestrum auk þess sem efnt verður til píanótónleika með píanósnillingnum Albert Mamriev. Sjá viðhengi. Upplýsingar líka hér: https://www.richard-wagner.org/rwvi/en/events/calendar/?collection_id=2141

Niflungahringurinn í París 30. nóvember til 6. desember

Fjörutíu félagsmenn sjá Niflungahring Calixto Bieto í París næsta haust, en hann verður sýndur tvisvar sinnum á 7 dögum. Hljómsveitarstjóri er Philippe Jordan. Meðal söngvara Jonas Kaufmann, Ian Patterson, Ekaterina Gubanova, Eva-Marie Westbroek, Martina Serafin, Andeas Schager.

Niflungahringir og aðrar Wagneróperur hér og þar

Niflungahringurinn er sýndur um allan heim sem aldrei fyrr. Formaður er nýkominn frá Minden, lítilli borg í Westfalen, 60.000 manna bæ, sem hefur verið að koma sér upp Hring undanfarin 4 ár og sýndi nú allan Hringinn tvisvar. Þarna er bara lítið leikhús, hljómsveitargryfjan örsmá, en hljómsveitinni komið fyrir upp á sviði bak við hálfgegnsætt tjald. Stærð hennar ca sú sama eins og í minnkaðri hljómsveitarútgáfunni, sem var notuð hér heima 1994. Kórinn í Götterdämmerung fyrir ofan hljómsveitina. Atburðarásin var svo fyrir framan á litlum fleti. Það er allt hægt ef viljinn er fyrir hendi, þetta var mjög mikil upplifun og flottir listamenn. Tenórinn Thomas Mohr söng í öllum fjórum óperunum, fyrst Loge, svo Siegmund og loks Siegfried í tveim seinni verkunum. Leikhúsið í Minden hefur nú sýnt allar óperur Wagners nema Meistarásöngvarana.

40 manns hafa keypt sér miða á Niflungahringinn í París í nóv/des 2020 í leikstjórn Calixto Bieto. Og nágrannaþjóðir okkar eru nú teknar við að smíða Hringi. **Gautaborg** fór af stað á liðnu starfsári og fór Ólafur Kjartan Sigurðarson þar eftirminnilega með hlutverk Alberichs, í Rínargullinu. Valkyrjan verður frumsýnd í desember og þann 15. desember hefur Wagnerfélagið í Gautaborg tekið frá miða og hvetur erlenda Wagnerfélaga til að mæta. Upplýsingar hjá formanni. Þeirra Hringur verður tilbúinn í árslok 2021 og Götterdämmerung og Hringurinn allur sýnd sem hluti af hátíðahöldum þegar Gautaborg verður 400 ára. www.opera.se. Í **Helsinki** var að fara af stað nýr Hringur undir stjórn Esa Pekka Salonen. Rheingold var frumsýnt 30. ágúst og verða nokkrar sýningar í september. Walküre kemur svo á vormisseri, Siegfried haustið 2020 og Götterdämmerung um vorið 2021. Sennilega má þá búast við heilum Hring þar haustið 2021. <https://oopperabaletti.fi/en/>. Í **Kaupmannahöfn** verður óperan Tristan und Isolde sýnd 27. okt og svo 3. og 14. nóv. Í aðalhlutverkum Ann Petersen og Christopher Ventris (sá er syngja mun Siegmund í Valkyrjunni hér heima).

Í Deutsche Oper, **Berlin** er að koma nýr Hringur með norska leikstjóranum Stefan Hehrheim og annar Hringur er í gangi í Staatsoper unter den Linden.

Óperan í **Leipzig** mun setja upp allar Wagneróperurnar, 10 plús 3, á 3 vikum árið 2022 í júní. <https://www.oper-leipzig.de/en/wagner>